



FUNDARGERÐ 474. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 25. nóvember 2022. Fundurinn er settur klukkan 07:43. Fundurinn er staðfundur að Suðurhrauni 10, 210 Garðabæ.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydis Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlökkversson, Svana Helen Björnsdóttir og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Almenn eigandastefna Reykjavíkurborgar

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar, Helga Hlín Hákonardóttir, ráðgjafi hjá Strategíu, Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri á fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar, og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Halldóra, Helga Hlín, Hörður og Þorsteinn gera grein fyrir almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar.

Stjórn þakka fyrir kynningu og eru umræður í kjölfar hennar.

Gestir sem taka sæti á fundinum undir þessum lið víkja af fundi klukkan 08:30.

2. Staðan á áformum um útflutning á brennanlegum úrgangi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu á áformum um útflutning á brennanlegum úrgangi.

Umræður eru í kjölfar kynningar framkvæmdastjóra.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU bs. felur framkvæmdastjóra að halda áfram með fyrirhuguð áform um útflutning á brennanlegum úrgangi í samræmi við ákvörðun fyrri stjórnar. Framkvæmdastjóri hefur frumkvæði að því að upplýsa stjórn með virkum hætti um framgang málsins.“

3. Rekstur Góða hirðisins

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu rekstrar Góða hirðisins.

Umræður eru í kjölfar kynningar framkvæmdastjóra.



4. Tillaga fulltrúa Framsóknarflokks í varðandi úttekt á grenndargámum í hverfum Reykjavíkurborgar og aðgengi að þeim

Framkvæmdstjóri gerir grein fyrir tillögu fulltrúa Framsóknarflokks varðandi úttekt á grenndargámum í hverfum Reykjavíkurborgar og aðgengi að þeim.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að taka tillöguna til skoðunar.

5. Önnur mál

Orri Hlöðversson gerir grein fyrir afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs um tillögu framkvæmdastjóra SORPU um skipun á starfshópi um staðarval á nýrri endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar SORPU við Dalveg. Samtal er einnig hafið við Garðabæ vegna málsins.

6. Næsti fundur

Næsti fundur er ákveðinn föstudaginn 9. desember klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:21.



Borgarráð

Tillaga um almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart B-hlutfélögum

Lagt er til að borgarráð samþykki tillögu stýrihóps um almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart B-hlutfélögum. Eigandastefnan tekur mið af leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu frá 2015. Með eigandastefnunni er mörkuð skýr stefna um eignarhald Reykjavíkurborgar í einkaréttarlegum fyrirtækjum og byggðasamlögum ásamt því að kveða á um skipulag og stjórnarhætti Reykjavíkurborgar vegna meðferðar eigandavalds, ásamt þeim kröfum sem gerðar eru til skipulags og stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem eigandastefnan nær til.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar 2019 voru samþykktar tillögur að breytingum á skipulagi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar. Á meðal tillagnanna var að settur yrði á laggirnar stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart b-hlutfélögum. Erindisbréf stýrihópsins var samþykkt í borgarráði 17. okt. 2019 og hefur stýrihópurinn unnið að mótun eigandastefnunnar með víðtæku samráði. Í stýrihópnum voru: Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (formaður), Dóra Björt Guðjónsdóttir, Líf Magneudóttir, Eypór Laxdal Arnalds og Janus Arn Guðmundsson. Með hópnum starfaði Stefán Eiríksson fyrrverandi borgarritari en nýr borgarritari, Þorsteinn Gunnarsson, tók við starfi með stýrihópnum þegar Stefán lét af störfum. Svavar Jósefsson, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara starfaði með hópnum fram til mars 2022. Þá veitti Helga Hlín Hákonardóttir hdl., meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu og sérfræðingur á sviði eigendastefna stofnanafjárfesta og opinberra aðila, ráðgjöf við vinnu hópsins.

Helsta verkefni stýrihópsins var að móta eigandastefnu sem tryggir gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun B-hluta fyrirtækja borgarinnar þannig að þar ríki almennt traust á stjórn og starfsemi. Þá var mikilvægt að fjallað yrði um upplýsingagjöf milli eiganda og félags um hvernig rekstur og stefnumörkun eigi að vera háttað sem og ábyrgðarskilum milli eiganda, stjórnar og stjórnarnefnda.

Stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar hafa ekki tekið á meðferð eigandavalds Reykjavíkurborgar með skipulegum hætti og upplýsingagjöf og ákvarðanir verið teknar eftir því sem tilefni er til. Einstakar eigandastefnur hafa verið gerðar í ákveðnum tilvikum sem taka að hluta til þeirra þátta sem stefna þessi fjallar um.

Með eigandastefnunni sem nú er lögð fram í borgarráði er mörkuð skýr stefna um eignarhald Reykjavíkurborgar í einkaréttarlegum fyrirtækjum og byggðasamlögum ásamt því að kveða á um skipulag og stjórnarhætti Reykjavíkurborgar vegna meðferðar eigandavalds, ásamt þeim kröfum sem gerðar eru til skipulags og stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem eigandastefnan nær



Reykjavíkurborg

til. Almenn eigendastefna rammur inn með skýrum hætti markmið og framkvæmd eigendavaldsins

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður borgarráðs

Hjálagt:

Almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar, ódags.

Verkátun – Almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar, drög.

ALMENN EIGANDASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

FORMÁLI

Á fundi borgarráðs þann 7. febrúar 2019 voru samþykktar tillögur að breytingum á skipulagi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Á meðal tillagnanna var að settur yrði á laggirnar stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta almenna eigendastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart B-hluta félögum.

Þann 17. október 2019 var erindisbréf stýrihópsins samþykkt á fundi borgarráðs og í hópinn skipuð þau Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (formaður), Dóra Björt Guðjónsdóttir, Líf Magneudóttir, Eypór Laxdal Arnalds og Janus Arn Guðmundsson. Með hópnum starfaði Stefán Eiríksson fyrrverandi borgarritari en nýr borgarritari, Þorsteinn Gunnarsson, tók við starfi með stýrihópnum þegar Stefán lét af störfum. Svavar Jósefsson, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara starfaði með hópnum fram til mars 2022. Þá veitti Helga Hlín Hákonardóttir hdl., meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu og sérfræðingur á sviði eigendastefna stofnanafjórðinga og opinberra aðila, ráðgjöf við vinnu hópsins.

Helsta verkefni hópsins var að móta eigendastefnu sem tryggir gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun B-hluta fyrirtækja borgarinnar þannig að þar ríki almennt traust á stjórn og starfsemi. Þá var mikilvægt að fjallað yrði um hvernig upplýsingagjöf milli eiganda og félags um rekstur og stefnumörkun eigi að vera háttað sem og ábyrgðarskilum milli eigenda, stjórnar og stjórnenda.

Eigendastefnan tekur mið af Leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu frá 2015 (Leiðbeiningar OECD).¹ Með eigendastefnunni er mörkuð skýr stefna um eignarhald Reykjavíkurborgar í einkaréttarlegum fyrirtækjum og byggðasamlögum ásamt því að kveða á um skipulag og stjórnarhætti Reykjavíkurborgar vegna meðferðar eigendavalds, ásamt þeim kröfum sem gerðar eru til skipulags og stjórnarháttar þeirra fyrirtækja sem eigendastefnan nær til.

Stefnur og samþykktir Reykjavíkurborgar hafa ekki tekið á meðferð eigendavalds Reykjavíkurborgar með skipulegum hætti og upplýsingagjöf og ákvarðanir verið teknar eftir því sem tilefni er til. Sérstakar eigendastefnur hafa verið gerðar í ákveðnum tilvikum sem taka að hluta til þeirra þátta sem stefna þessi fjallar um.

Almenn eigendastefna rammur inn með skýrum hætti markmið og framkvæmd eigendavaldsins – og helstu breytingar sem stefnan markar eru eftirfarandi:

- Reykjavíkurborg er formlega skilgreind sem virkur eigandi og hlutverk, umboð og ábyrgð eigandafyrirsvars er skilgreint og afmarkað gagnvart borgarráði og borgarstjórn, þar á meðal valdheimildir og mörk þeirra og upplýsingagjöf.
- Eigandafyrirsvar er hugtak sem skilgreinir hvaða stjórnareiningar innan Reykjavíkurborgar fara hverju sinni með réttindi og skyldur Reykjavíkurborgar sem eiganda og með hvaða hætti.
- Borgarstjóri er handhafi eigandafyrirsvars en framkvæmd og eftirfylgni stefnunnar er í höndum borgarritara, að frátalinni fjárhagslegri framkvæmd og eftirfylgni sem er í höndum sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og innri endurskoðunarþjónustu sem er í höndum Innri endurskoðunar og ráðgjafar og endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar.

¹ <https://www.oecd.org/corporate/guidelines-corporate-governance-soes.htm>

- Eigandafyrirsvar er sbr. að framan skilgreint formlega sem handhafi atkvæðisréttar og meðferð atkvæðisréttar borgarinnar fer fram á formlegum fundum eigenda fyrirtækjanna
- Borgarfulltrúum er heimilt að taka sæti á eigendafundum fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar hafa þar málfrelsisrétt og eru þeim jafnframt tryggður aðgangur að upplýsingum sem aðgengilegar eru Reykjavíkurborg fyrir slíka fundi.
- Meðferð atkvæðisréttar Reykjavíkurborgar er á ábyrgð eigandafyrirsvars í flestum tilvikum háð því að samþykki borgarráðs liggi fyrir.
- Forsendur fyrir eignarhaldi Reykjavíkurborgar í fyrirtækjum eru sérstaklega skilgreindar og háðar reglubundnu mati af hálfu eigandafyrirsvars.
- Gerð er krafa um að skipulag og stjórnarhættir fyrirtækjanna séu í samræmi við rekstrarform sem um þau gilda og endurspegli lög og góða stjórnarhætti og endurskoðar Eigandafyrirsvar reglulega rekstrarform fyrirtækjanna.
- Borgarráð tilnefnir fjóra borgarráðsfulltrúa í tilnefningarnefnd ásamt eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar, sem gerir rökstudda tillögu, byggða á faglegu mati, til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnar, í þeim tilgangi að ná fram bestu samsetningu stjórnar.
- Við tilnefningar í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja er miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess og tiltekinn hluti jafnframt óháður Reykjavíkurborg, þ.e. ekki kjörnir fulltrúar eða starfsmenn Reykjavíkurborgar.
- Þá er stefnt að því að stjórnir séu skipaðar til 4 ára og hluti stjórnar skipaður á 2 ára fresti þannig að tiltekinn varanleiki og þekking séu tryggð frá einum tíma til annars.
- Til að tryggja skýrleika í umboði stjórnar fyrirtækjanna er gert ráð fyrir að megin stefnumörkun fyrirtækjanna sé háð samþykki eigendafunda. Ber þar helst að nefna stefnu og framtíðarsýn, fjárhags- og starfsáætlun, stefnu um fjármagnsskipan og arðgreiðslur, fjárfestingaráætlun og áhættustefnu.
- Kveðið er á um kröfur til skipulags og stjórnarháttar einkaréttarlegra fyrirtækja sem eigandafyrirsvar mun beita sér fyrir, sem tryggir gegnsæi og áreiðanleika, ásamt fagmennsku og skilvirkni í störfum stjórnar og stjórnenda, s.s. afmörkun á hlutverki, umboði og ábyrgð og stjórnarháttum fyrirtækjanna. Sambærilegar kröfur eru gerðar til skipulags og stjórnarháttar byggðasamlaga.
- Fjallað er um stjórnarhætti í tengslum við fjárhagsáætlanir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar.
- Gerð er krafa um að fyrirtækin setji sér siðareglur og lágmarks efnistöð slíkra siðareglna afmörkuð.
- Í ljósi þess að Reykjavíkurborg er formlega skilgreind sem virkur eigandi og eigandahlutverk afmarkað, samhliða því að gert er ráð fyrir því að stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja verði að hluta til skipaðar óháðum stjórnarmönnum, er sett upp formlegt ferli við samskipti eigandafyrirsvars við stjórnir og stjórnendur einkaréttarlegra fyrirtækja.
- Í sama ljósi er kveðið á um gegnsæi og góða stjórnarhætti í formi ítarlegrar upplýsingagjafar stjórnar til eigenda. Vísað er til tiltekinnar ákvæða laga um ársreikninga nr. 3/2006 (ÁRL) sem gera ítarlegri kröfur þar að lútandi, Leiðbeininga Viðskiptaráðs o.fl. um góða stjórnarhætti (Leiðbeiningar Viðskiptaráðs), UFS skýrslugjöf og upplýsingaskyldu útgefenda fjármálagerninga á Nasdaq Iceland hf.

- Að lokum er kveðið á um samstarf Reykjavíkurborgar við aðra eigendur fyrirtækjanna við endurskoðun stofnsamþykkt fyrirtækjanna þannig að eigandastefnan nái fram að ganga ásamt nauðsynlegri stefnumótun meðal eigenda í formi eigendastefna eða hluthafasamkomulaga eftir því sem við á.

1. Inngangur

Með skýrri stefnumörkun eigenda, vel skilgreindum tilgangi fyrirtækis, skýru skipulagi og hlutverki, umboði og ábyrgð handhafa eigendavalds, stjórnar og framkvæmdastjóra, lýsingu á kröfum um stjórnarhætti, ásamt markvissu eftirlitskerfi, skapast fyrirtækjum í eigu sveitarfélaga forsendur til að annast tiltekna starfsemi í þágu almennings.

Í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar er leitast við að skýra hlutverk, umboð og ábyrgð eigendavalds Reykjavíkurborgar í fyrirtækjum, fyrirkomulag og þátttöku í ákvörðunum um stefnumörkun og mikilvæg málefni fyrirtækjanna og samskipti við stjórnir, stjórnendur og aðra eigendur. Þannig á eigendastefnan að tryggja gegnsæja, faglega og skilvirka meðferð eigendavalds Reykjavíkurborgar.

Eigendastefnunni er enn fremur ætlað að skýra kröfur Reykjavíkurborgar til skipulags og stjórnarháttar fyrirtækja sem undir stefnuna falla, stefnumörkun þeirra, áætlanagerð, siðareglur og upplýsingagjöf til eigenda.

Eigendastefnan er almenningi og fjölmiðlum aðgengileg, meðal annars á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Eigendastefnan skal kynnt stjórnnum og stjórnendum fyrirtækja sem undir stefnuna falla og býður Reykjavíkurborg stjórnnum og stjórnendum fyrirtækjanna upp á þjálfun og fræðslu henni tengdri eftir því sem þörf krefur.

2. Gildissvið

Eigendastefna þessi er sett af borgarstjórn Reykjavíkur og gildir um eignarhald borgarinnar á þeim fyrirtækjum sem borgin á a.m.k. 50% eignarhlut í (félög innan samstæðu Reykjavíkurborgar), sem og þau fyrirtæki þar sem bókfært virði eignarhlutar nemur kr. 100.000.000 eða meira.

Ákvæði 1.-4. kafla og kafla 5.1.-5.3. gilda þó um alla eignarhluti Reykjavíkur í fyrirtækjum og stofnframlög borgarinnar.

Með hugtakinu „fyrirtæki“ er í stefnu þessari átt við *einkaréttarleg fyrirtæki* s.s. hlutafélög, sameignarfélög og samlagsfélög, sem og *byggðasamlög* skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (SSL). Stefnan tekur enn fremur til dótturfyrirtækja þeirra fyrirtækja sem stefnan tekur til, eftir því sem nánar greinir í stefnunni.

Eigendafyrirsvar skal birta á heimasíðu Reykjavíkurborgar lista yfir þau fyrirtæki sem undir stefnuna falla, eftir því hvort þau falla undir 1. mgr. þessarar greinar eða 2. mgr.

3. Tilgangur og markmið eigandastefnu

Tilgangur eigandastefnu þessarar er að marka stefnu Reykjavíkurborgar vegna eignarhalds í fyrirtækjum og kveða á um skipulag og stjórnarhætti borgarinnar sem eiganda þeirra, ásamt því að stuðla að gegnsæi þar að lútandi.

Markmið Reykjavíkurborgar er að vera virkur eigandi og að beita sér sem eigandi í takt við lög, góða stjórnarhætti og eigandastefnu þessa að öðru leyti, í þeim tilgangi að hvert og eitt fyrirtæki sinni tilgangi sínum og nái markmiðum sínum.

4. Skipulag eigendavalds Reykjavíkurborgar

4.1. Hlutverk borgarstjórnar

Borgarstjórn tekur ákvörðun um kaup eða sölu á eignarhlutum í fyrirtækjum í samræmi við 4. gr. sbr. 6. tl. 78. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, en um meðferð eigendavalds vegna þeirra fer að öðru leyti skv. ákvæðum 4. gr.

4.2. Hlutverk borgarráðs

Skv. 46. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar fer borgarráð ásamt borgarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar að því leyti sem slík stjórn er ekki falin öðrum. Borgarráð hefur jafnframt eftirlit með stjórnarsýslu borgarinnar og fjármálastjórn hennar, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur hana fyrir borgarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Skv. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar tekur borgarráð fullnaðarákvarðanir um mál sem ekki varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, án staðfestingar borgarstjórnar, enda sé ekki ágreiningur milli borgarráðsmanna eða við borgarstjóra um slíka afgreiðslu, ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.

4.3. Hlutverk eigandafyrirsvars

Borgarstjóri ber ábyrgð á eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar samkvæmt stefnu þessari og kemur fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar sem eigandi þeirra fyrirtækja sem eigandastefna þessi nær til, eins og nánar er kveðið á um í stefnunni.

Borgarritari ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni með þeim fyrirtækjum sem undir eigandastefnuna falla, að öðru leyti en fjárhagslegri framkvæmd og eftirfylgni, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Í því felst að hafa eftirlit með skipulagi, stjórnarháttum, starfsemi og rekstri fyrirtækjanna m.t.t. samþykktar stefnumörkunar og markmiða sem um þau gilda, og árangri þar að lútandi sbr. nánar ákvæði eigandastefnu þessarar.

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs ber ábyrgð á fjárhagslegri eftirfylgni og eftirliti með fyrirtækjunum, þ.e. aðkomu að fjárhagsáætlun þeirra sbr. 9. gr. stefnu þessarar og eftirfylgni og eftirliti með afkomu og upplýsingagjöf þeirra um fjárhagslega þætti og þróun fjárhagslegra mælikvarða.

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar annast innri endurskoðun fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar.

Eigandafyrirsvar skal leggja fram á fundi borgarráðs allar upplýsingar sem fyrirtækin senda eigendum sínum, s.s. fjárhagsupplýsingar, tillögur fyrir eigendafundi og opinberar stjórnarfundargerðir, ásamt niðurstöðum eigendafunda og skilar árlega skýrslu um störf sín og eftirfylgni með innleiðingu stefnu þessarar.

Eigandafyrirsvar gefur árlega út greinargerð um framkvæmd hlutverks síns samkvæmt henni og árangur af innleiðingu hennar, s.s. um þátttöku í eigendafundum, þ.m.t. atkvæðagreiðslur, samskipti við stjórnir og stjórnendur og árangur af skipulagi, stjórnarháttum, starfsemi og rekstri fyrirtækjanna. Upplýsingar þessar skulu birtar á heimasíðu Reykjavíkurborgar.

4.4. Umboð eigandafyrirsvars

Umboð eigandafyrirsvars tekur til beitingar réttinda Reykjavíkurborgar sem eiganda, s.s. til meðferðar atkvæðisréttar, tillögugerðar eigenda og upplýsingaréttar, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum og góðum stjórnarháttum, eigandastefnu þessari og takmörkunum annarra eigendastefna og hluthafasamkomulaga sem Reykjavíkurborg er aðili að.

Umboð eigandafyrirsvars til beitingar réttinda Reykjavíkurborgar sem eiganda vegna fyrirtækja sem tilgreind eru í 1. mgr. 2. gr., er háð samþykki borgarráðs í eftirfarandi tilvikum:

- 1) Breytinga á ákvæðum stofnsamninga og samþykktu fyrirtækjanna
- 2) Tillögugerðar eigandafyrirsvars á eigendafundum fyrirtækjanna, s.s. aðalfundum, hluthafafundum, ársfundum o.þ.h.
- 3) Beitingar atkvæðisréttar á slíkum eigendafundum vegna framlagðra tillagna annarra en þeirra sem snúa að formi og framkvæmd fundar. Eigandafyrirsvari er heimilt að samþykkja breytingar á framlögðum tillögum, enda gangi þær skemur gagnvart réttindum hluthafa en upphafleg samþykkt borgarráðs þar að lútandi.
- 4) Gerð sértækra eiganda- eða eigendastefna og hluthafasamkomulaga vegna fyrirtækjanna.

Eigandafyrirsvar fer með umboð vegna fyrirtækja sem tilgreind eru í 2. mgr. 2. gr., en leggur mál sem eru óvenjuleg eða mikilsháttar fyrir borgarráð til samþykktar, í samræmi við ákvæði 2. mgr. þessarar greinar.

5. Um fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar

5.1. Forsendur fyrir eignarhaldi

Forsendur fyrir því að Reykjavíkurborg eigi eignarhluti í fyrirtækjum eru eftirfarandi:

- 1) Fyrirtæki sem sinnir skyldubundnum verkefnum sveitarfélaga skv. 1. mgr. 7. gr. SSL, s.s. rekstur innviða.
- 2) Fyrirtæki sem sinnir öðrum verkefnum sem sveitarfélögum er heimilt að sinna, enda hafi eignarhald ekki skaðleg áhrif á samkeppni eða hamli nýsköpun s.s.:
 - a) Samrekstur með öðrum sveitarfélögum skv. 92. gr. SSL
 - b) Rekstur byggðasamlaga skv. 94. gr. SSL
 - c) Samfélagsleg eða menningartengd verkefni sem talin eru þjóna hagsmunum íbúa með almennum hætti.

Eigandafyrirsvar skal að minnsta kosti árlega, og oftár þegar tilefni er til, meta forsendur fyrir eignarhaldi Reykjavíkurborgar, s.s. m.t.t. þróunar löggjafar og markaðar á viðkomandi sviði og/eða samkeppni, og skal skila niðurstöðum sínum þar að lútandi í skýrslu til borgarráðs sbr. ákvæði 4. mgr. 4.3. gr.

5.2. Rekstrarform

Rekstrarform fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar er mismunandi. Reykjavíkurborg beitir sér sem eigandi fyrir því að skipulag og stjórnarhættir fyrirtækjanna séu í samræmi við lög sem gilda um rekstrarform þeirra hverju sinni samkvæmt eftirfarandi:

- 1) Einkaréttarleg fyrirtæki: að samþykktir, stofnsamningar og önnur gögn sem kveða á um skipulag og stjórnarhætti fyrirtækjanna (stofnsamþykktir fyrirtækja), kveði á um skýrt og skilvirkt skipulag og stjórnarhætti, s.s. hvað varðar hlutverk, umboð og ábyrgð eigenda, eigendafunda, stjórna og framkvæmdastjóra.
- 2) Byggðasamlög: að stofnsamningar kveði á um skýrt og skilvirkt skipulag og stjórnarhætti varðandi hlutverk, umboð og ábyrgð sveitarfélaga, stefnuráða, stjórna og framkvæmdastjóra byggðasamlaganna.

Eigendafyrirsvar skal reglulega endurskoða rekstrarform fyrirtækja sem ekki eru rekin sem hlutafélög á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995 eða lög um einkahlutafélög nr. 138/1994, eða sameignarfélög á grundvelli laga um sameignarfélög nr. 50/2007, s.s. m.t.t. til starfsemi þeirra og verkefna, skipulags, skilvirkni og stjórnarháttanna.

5.3. Eigendafundir

Eigendafyrirsvar Reykjavíkurborgar mætir á eigendafundi, fer þar með atkvæði og beitir sér sem eigandi fyrir því að ákvæði eigendastefnu þessarar nái fram að ganga, sem og aðrar ákvarðanir sem teknar eru af hálfu eigendavalds eða öðrum þar til bærum aðilum, s.s. vegna annarra eigendastefna eða hluthafasamkomulaga eigenda.

Borgarfulltrúum í borgarstjórn Reykjavíkur er heimilt að mæta á eigendafundi fyrirtækja sem eru innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Eigendafyrirsvar tilkynnir borgarfulltrúum um fyrirhugaða eigendafundi með hæfilegum fyrirvara og sendir þeim upplýsingar sem eigendum eru sendar fyrir fundi. Borgarfulltrúum ber að tilkynna um mætingu á eigendafundi með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Borgarfulltrúum er heimilt að ávarpa eigendafundi fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar og bera upp spurningar til stjórnar, endurskoðenda og framkvæmdastjórnar.

Um mætingu og þátttöku á eigendafundi annarra fyrirtækja fer eftir samþykktum viðkomandi fyrirtækja hverju sinni.

5.4. Kosning til stjórna, ráða og nefnda

Borgarráð tilnefnir tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar sem hefur það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórna fyrirtækjanna, og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna). Tilgangur með skipan tilnefningarnefndar er að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöður m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila, eins og nánar greinir hér í þessari grein.

Borgarráð tilnefnir fjóra borgarráðsfulltrúa sem, ásamt eigendafyrirsvari, mynda tilnefningarnefnd. Borgarráð skal gæta að því að tilnefningar endurspegli hlutföll innan borgarstjórnar sbr. ákvæði 45. gr. SSL. Tilnefningarnefnd skal viðhafa faglegt mat við tilnefningu í stjórnir fyrirtækjanna eins og nánar greinir í þessari grein, og skila rökstuddri tillögu sinni þar að lútandi til borgarráðs.

Tilnefningarnefnd skal setja sér starfsreglur og er heimilt að leita aðstoðar utanaðkomandi ráðgjafa við störf sín.

Náist ekki samkomulag innan tilnefningarnefndar um sameiginlega tillögu nefndarinnar til borgarráðs, skal nefndin miða við að tilnefningarnar endurspegli hlutföll innan borgarstjórnar sbr. ákvæði 45. gr. SSL. Skal við það miðað að fulltrúum stjórnmalasamtaka í borgarstjórn gefist kostur á að tilnefna í trúnaðarstöður, annarra en trúnaðarstöður óháðra aðila, sem nemur hlutfallslegu vægi í borgarstjórn.

Tilnefningarnefnd auglýsir á heimasíðu Reykjavíkurborgar og eftir atvikum annars staðar, eftir aðilum til setu í stjórnnum einkaréttarlegra fyrirtækja í eigu borgarinnar.

Í vinnu tilnefningarnefndar samkvæmt þessari grein skal litið til þess að stjórn, nefnd eða ráð sé hverju sinni saman sett af einstaklingum í sem jöfnustum kynjahlutföllum, sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu - sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni, m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar.

Í stjórnnum, nefndum og ráðum einkaréttarlegra fyrirtækja skal vera til staðar þekking á eftirfarandi sviðum:

- 1) Starfsemi og rekstur fyrirtækisins
- 2) Stjórnun og stjórnarhættir
- 3) Stefnumótun og framtíðarsýn
- 4) Fjármál og sjálfbærni
- 5) Mannauðsmál
- 6) Samfélagsleg ábyrgð, umhverfismál og hagaðilar fyrirtækisins

Fjöldi stjórnarmanna ræðst af eðli rekstrar fyrirtækis, umfangi hans og efnahags og skal miðað við að stjórnarmenn séu ekki færri en 5 talsins.

Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal enn fremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu janframt óháðir Reykjavíkurborg og að í 7 manna stjórn séu 3 af framangreindum stjórnarmönnum jafnframt óháðir Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg, en að öðru leyti skal miðað við óháði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs hverju sinni.

Í þeim tilgangi að tryggja varanleika og þekkingu meðal stjórnna fyrirtækja sem undir stefnuna falla, mun Reykjavíkurborg beita sér fyrir því að í stofnsamþykktum fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar sé kveðið á um að stjórnir séu skipaðar til 4 ára og að hluti stjórnar skuli kosinn eða tilnefndur á 2 ára fresti, þannig að hluti stjórnar sé kjörinn eða tilnefndur þegar 2 ár eru liðin af kjörtímabili annarra stjórnarmanna, og öfugt.

Í trúnaðarstörf fyrirtækja sem undir stefnuna falla skulu tilnefndir og kosnir einstaklingar sem sinna störfum sínum af heiðarleika og áreiðanleika og sem hafa nægan tíma og vilja til að sinna viðkomandi trúnaðarstöðum af kostgæfni. Þess skal gætt að störf þeirra valdi ekki hagsmunaárekstrum við önnur störf þeirra og hagsmuni. Við það mat er m.a. litið til árangurs

sitjandi stjórnarmanna og árangursmats þeirra sbr. ákvæði e-lið, 6. tl. 2. mgr. 7. gr. sbr. c-lið, 3. tl. 2. mgr. 8. gr.

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við eigendur annarra fyrirtækja beita sér fyrir því að samþykktir þeirra fyrirtækja endurspegli ákvæði greinar þessarar varðandi fjölda stjórnarmanna, óhæði þeirra gagnvart fyrirtækinu og eigendum þess, skipunartíma og hæfi.

6. Stefnumörkun fyrirtækja

Mikilvægt er að væntingar eigenda, stjórnar og helstu stjórnenda fari saman þegar kemur að grundvallar stefnumörkun og framtíðarsýn fyrirtækja, og að umboð stjórnar frá einum tíma til annars sé skýrt að þessu leyti. Enn fremur er mikilvægt að stefnumörkun fyrirtækjanna innihaldi viðeigandi mælikvarða á árangur við innleiðingu einstakra markmiða.

Reykjavíkurborg beitir sér fyrir því að stofnsamþykktir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um að megin stefnumörkun fyrirtækjanna sé háð samþykki eigendafundar, s.s. stefnur þess á eftirfarandi sviðum:

- 1) Heildarstefna og framtíðarsýn og helstu mælikvarðar
- 2) Fjárhags- og starfsáætlun
- 3) Arðsemi/fjármagnsskipan
- 4) Fjárfestingaráætlun
- 5) Áhættustefna/áhættuvilji
- 6) Starfskjarastefna
- 7) Samkeppnisstefna, enda starfi viðkomandi fyrirtæki á samkeppnismarkaði
- 8) Jafnréttisstefna
- 9) Umhverfis- og auðlindastefna

Stefnumörkun samkvæmt þessari grein skal ná til dótturfyrirtækja fyrirtækjanna eftir því sem við á, og birt á heimasíðu fyrirtækis.

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við eigendur annarra fyrirtækja beita sér fyrir sams konar fyrirkomulagi samþykta þeirra fyrirtækja varðandi framangreinda stefnumörkun.

Eftir því sem við á og þörf krefur gerir Reykjavíkurborg sértæka eigandastefnu um fyrirtæki, eða gerir í samráði við aðra eigendur stefnusáttmála eigenda og/eða hluthafasamkomulag vegna fyrirtækjanna til nánari útfærslu á stefnu þeirra, starfsemi og rekstri.

7. Skipulag og stjórnarhættir einkaréttarlegra fyrirtækja

Eigandafyrirsvar beitir sér fyrir gegnsæju og áreiðanlegu skipulagi og stjórnarháttum og gerir ríka kröfu um fagmennsku og skilvirkni stjórna og stjórnenda fyrirtækja sem eigandastefna þessi nær til.

Eigandafyrirsvar mun beita sér fyrir eftirfarandi skipulagi og stjórnarháttum einkaréttarlegra fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar, sem snúa að hlutverki, umboði, ábyrgð og stjórnarháttum fyrirtækjanna, hvort heldur samkvæmt ákvæðum laga sem gilda um rekstrarform þeirra eða stofnsamþykktum:

- 1) Að hlutverk, umboð og ábyrgð stjórnar sé hverju sinni skýrt skilgreint, þar með hvaða ákvarðanir stjórn skuli bera undir eigendafund
- 2) Að stjórn njóti sjálfstæðis í störfum sínum og beri raunverulega ábyrgð á þeim gagnvart eigendum
- 3) Að stjórn hafi hagsmuni fyrirtækisins ávallt í fyrirrúmi (trúnaðarskylda)
- 4) Að stjórn gæti hagsmuna allra eigenda jafnt (jafnræðisregla)
- 5) Að hlutverk stjórnar sé m.a. að:
 - a) Marka stefnu fyrirtækisins í samræmi við markmið eigenda sbr. ákvæði 6. gr. um stefnumörkun
 - b) Ráða framkvæmdastjóra og setja honum starfsreglur sem marki skil á störfum hans gagnvart stjórn, s.s. varðandi ákvarðanatöku og upplýsingagjöf
 - c) Hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna fyrirtækisins
 - d) Setja upp skilvirkt innra eftirlit og samþykka innri endurskoðunaráætlanir sbr. 4. mgr. 13. gr.
- 6) Að stjórn fyrirtækja fari að öðru leyti eftir Leiðbeiningum Viðskiptaráðs hverju sinni, þ.m.t. varðandi.
 - a) Setningu verklagsreglna um framkvæmd starfa sinna
 - b) Skilgreiningu á hlutverki formanns stjórnar
 - c) Hagsmunaskráningu, hagsmunaárekstra (vanhæfi) og regluvörslu
 - d) Skipan undirnefnda, þar með talið skilgreiningu á hlutverki, umboði og ábyrgð þeirra
 - e) Framkvæmd árlegra árangursmata á árangri fyrirtækisins og störfum stjórnar, undirnefnda og framkvæmdastjóra.
- 7) Að stjórn upplýsi í stjórnarháttayfirlýsingu sinni fylgni við og innleiðingu eigandastefnu þessarar og eftir atvikum sértækrar eiganda-/eða eigendastefnu fyrirtækisins.

Stjórnarhættir fyrirtækjanna skulu jafnframt ná til dótturfyrirtækja þeirra eftir því sem við á og birtir á heimasíðu fyrirtækis.

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við eigendur annarra fyrirtækja beita sér fyrir sams konar fyrirkomulagi samþykpta þeirra fyrirtækja varðandi skipulag og stjórnarhætti.

8. Skipulag og stjórnarhættir byggðasamlaga

Eigandafyrirsvar beitir sér fyrir gegnsæjum og áreiðanlegum stjórnarháttum og gerir ríka kröfu um fagmennsku og skilvirkni stjórna, stefnuráða og stjórnenda byggðasamlaga sem eigandastefna þessi nær til.

Borgarstjóri á sæti í stefnuráði byggðasamlaga og ber ábyrgð á að upplýsa borgarráð reglulega og þegar tilefni er til um framvindu endurskoðunar stefnusáttmála, upplýsingagjöf stjórna byggðasamlaga til stefnuráðs ásamt tilfallandi mál sem stjórn ber undir stefnuráð.

Eigandafyrirsvar mun beita sér sem eigandi byggðasamlaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir eftirfarandi skipulagi og stjórnarháttum sem snúa að hlutverki, umboði, ábyrgð og stjórnarháttum byggðasamlaganna, hvort heldur samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga eða stofnsamþykktum:

- 1) Að hlutverk, umboð og ábyrgð stjórnar og stefnuráðs sé hverju sinni skýrt skilgreint, og að stjórn beri raunverulega ábyrgð á þeim gagnvart eigendum
- 2) Að hlutverk stjórnar sé m.a. að:
 - a) Innleiða stefnusáttmála byggðasamlagsins og aðra stefnumörkun í samræmi við ákvarðanir ársfunda
 - b) Ráða framkvæmdastjóra og setja honum starfsreglur sem marki skil á störfum hans gagnvart stjórn, s.s. varðandi ákvarðanatöku og upplýsingagjöf
 - c) Hafa eftirlit með störfum framkvæmdastjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna fyrirtækisins
 - d) Setja upp skilvirkt innra eftirlit, og samþykkja innri endurskoðunaráætlanir sbr. 4. mgr. 13. gr.
 - e) Að upplýsa stefnuráð og ársfundi og aðra fundi eigenda um árangur í rekstri byggðasamlagsins í samræmi við stofnsamning þess
- 3) Að stjórn setji skýrar verklagsreglur um framkvæmd starfa sinna, þar á meðal um
 - a. Skilgreiningu á hlutverki formanns stjórnar
 - b. Hagsmunaskráningu, hagsmunaárekstra (vanhæfi) og regluvörslu
 - c. Framkvæmd árlegra árangursmata á árangri byggðasamlagsins og störfum stjórnar og framkvæmdastjóra.

Upplýsingar um stjórnarhætti byggðasamlaga skulu birtar á heimasíðu þeirra.

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við sveitarfélög í öðrum byggðasamlögum beita sér fyrir sams konar fyrirkomulagi stofnsamninga þeirra byggðasamlaga varðandi skipulag og stjórnarhætti.

9. Fjárhagsáætlun og fjárhagslegt eftirlit fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg beitir sér fyrir því að stofnsamþykktir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um nauðsynlega upplýsingagjöf til Reykjavíkurborgar vegna gerðar fjárhagsáætlunar í samræmi við 63. gr. SSL.

Fyrir 15. ágúst ár hvert skulu stjórnir fyrirtækjanna gera tillögu að meginforsendum fjárhagsáætlunar fyrirtækisins til eigandafyrirsvars, sem skal fyrir 15. september ljúka umfjöllun um tillöguna og samþykkja þær meginforsendur sem gilda eiga um fjárhagsáætlun fyrirtækisins fyrir næsta rekstrarár. Stjórn fyrirtækisins og framkvæmdastjóri útfæra í kjölfarið fjárhags- og starfsáætlun fyrirtækisins í samræmi við þær forsendur og skal endanleg áætlun samþykkt af stjórn fyrirtækisins eigi síðar en 30. september og skilað til eigandafyrirsvars sama dag.

Eigandafyrirsvar annast upplýsingagjöf til borgarráðs um rekstur, efnahag, áhættur, frávik og helstu verkefni fyrirtækjanna, ásamt aðkomu eigandafyrirsvars að áhættunefnd í samræmi við áhættustefnu Reykjavíkurborgar á hverjum tíma.

10. Siðareglur fyrirtækja

Eigandafyrirsvar virðir sjálfstæði og skyldur fyrirtækja og stjórna þeirra gagnvart öðrum hagaðilum en eigendum. Reykjavíkurborg beitir sér fyrir því að stofnsamþykktir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um að fyrirtækin setji sér siðareglur sem nái m.a. til eftirfarandi atriða:

- 1) Skilgreining hagaðila fyrirtækis og samskipta við þá
- 2) Ábyrgir og góðir viðskiptahættir
- 3) Viðskipti, gjafir og hagsmunaárekstrar
- 4) Innkaup
- 5) Varnir gegn svikum, mútum og spillingu í samræmi við viðurkenndar viðskiptavenjur og leiðbeiningar
- 6) Bann við fjármögnun pólitískra verkefna
- 7) Samfélagsleg ábyrgð, þ.m.t. umhverfismál, mannréttindi og sjálfbærni
- 8) Samkeppni
- 9) Vernd eigna og upplýsinga
- 10) Trúnaður
- 11) Ferli fyrir uppljóstranir og vernd uppljóstrara

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu jafnframt ná til dótturfyrirtækja og birtar á heimasíðu viðkomandi fyrirtækis.

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við eigendur annarra fyrirtækja beita sér fyrir sams konar fyrirkomulagi samþykktar þeirra fyrirtækja varðandi skipulag og stjórnarhætti.

11. Samskipti við stjórnir og stjórnendur einkaréttarlegra fyrirtækja

Eigandafyrirsvar virðir sjálfstæði stjórna einkaréttarlegra fyrirtækja við að sinna hlutverki sínu. Samskipti við stjórn og stjórnendur fara fyrst og fremst fram á formlegum fundum eigenda, s.s. aðalfundum og ársfundum.

Eigandafyrirsvar á samskipti utan eigendafunda við stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja, í þeim tilgangi að byggja upp trúnað og skilning milli eigenda og stjórna, vanda ákvarðanatöku og stefnumótun stjórna fyrirtækjanna og vanda eigendaákvæðanir Reykjavíkurborgar.

Öll samskipti Reykjavíkurborgar um málefni stjórnar eða stjórnenda einkaréttarlegra fyrirtækja, utan formlegra eigendafunda skulu fara fram af hálfu eigandafyrirsvars Reykjavíkurborgar. Kjörnir fulltrúar og starfsmenn Reykjavíkurborgar skulu ekki koma á slíkum samskiptum, nema með fyrirfram samþykki eigandafyrirsvars.

Eigandafyrirsvar, eða sá sem umboð hefur til samskipta við fyrirtæki, skal halda fundargerð um fundi með stjórn og stjórnendum, og samskiptaskrá um annars konar samskipti, og skal halda utan um slíkar fundargerðir og samskiptaskrár. Samskipti skulu að öðru leyti fara fram í samræmi við starfsreglur stjórnar viðkomandi fyrirtækis.

Undanþegin ritun fundargerða og samskiptaskráa eru samskipti á grundvelli þjónustusamninga og vegna samskipta sem tengjast fjárhagsáætlunum eða uppgjörum á samstæðugrunni Reykjavíkurborgar.

Ákveði Reykjavíkurborg að fela fyrirtæki innan samstæðu Reykjavíkurborgar að fylgja eftir tiltekinni stefnumörkun borgarinnar, skal gerð sérstök opinber eigandastefna þar að lútandi, stefnusáttmáli og/eða þjónustusamningur eftir því sem við á, þar sem tryggt er gegnsæi um kostnað við slíka starfsemi sbr. ákvæði f-liðar 2. mgr. 12. gr.

12. Upplýsingagjöf einkaréttarlegra fyrirtækja

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á gegnsæi og góða stjórnarhætti einkaréttarlegra fyrirtækja og þar með talið nauðsynlega og nægjanlega upplýsingagjöf þeirra til eigenda.

Reykjavíkurborg beitir sér fyrir því að stofnsamþykktir einkaréttarlegra fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um að eftirfarandi upplýsingagjöf þeirra, nema eðli rekstrar, umfang hans eða efnahagur fyrirtækis gefi að mati eigandafyrirsvars ekki tilefni til slíkrar skýrslugjafar:

- 1) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 (ÁRL) um viðbótarupplýsingar í skýrslu stjórnar um árangur, áhættu og óvissuþætti
- 2) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. a ÁRL um upplýsingar í skýrslu stjórnar, m.a. um hlutafé og hluthafa, samninga við hluthafa og stjórnarmenn og starfsmenn
- 3) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. c. ÁRL um stjórnarháttayfirlýsingar, í samræmi við gildandi Leiðbeiningar Viðskiptaráðs hverju sinni
- 4) Upplýsingagjöf skv. 66. gr. d ÁRL um skýrslu stjórnar um ófjárhagslega upplýsingagjöf á sviði umhverfis-, samfélags- og starfsmannamála og stefnu í mannréttindamálum og varnir vegna spillingar- og mútumála.
- 5) Að ársreikningar fyrirtækjanna séu gerðir í samræmi við IFRS uppgjörstaðla, nema eðli rekstrar, umfang hans eða efnahagur fyrirtækis gefi að mati eigandafyrirsvars ekki tilefni til slíkra uppgjörsaðferða
- 6) Ef fyrirtæki er falið að annast verkefni á grundvelli opinberrar stefnumörkunar Reykjavíkurborgar, þá sé sérgreindur kostnaður í reikningum fyrirtækisins sem af slíkum verkefnum leiðir, og fjármögnun þeirra
- 7) Að fyrirtækin gefi út UFS skýrslu í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar þar að lútandi.
- 8) Að stjórn fyrirtækis upplýsi eigendur um fjárhagsleg uppgjör, aðstæður eða atvik í rekstri fyrirtækisins í samræmi við reglur sem gilda um upplýsingaskyldu útgefenda fjármálagerna á Nasdaq Iceland hf., t.d. varðandi tíðni birtingar fjárhagsupplýsinga og aðra upplýsingaskyldu.
- 9) Að stjórn fyrirtækisins upplýsi eigendur um aðrar upplýsingar um málefni sem skipta eigendur og aðra haghafa máli þótt upplýsingarnar kalli ekki á ákvörðun af hálfu eigenda.

Reykjavíkurborg beitir sér jafnframt fyrir því að fyrirtæki innan samstæðu Reykjavíkurborgar opni bókhald sitt almenningi eftir því sem við á m.t.t. eðlis starfsemi þeirra og samkeppnisstöðu.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að viðskipti milli fyrirtækja sem falla undir eigandastefnu þessa og eigenda þeirra fari fram á markaðskjörum og að stjórnir fyrirtækjanna upplýsi í ársreikningi um viðskipti milli þeirra og eigenda sem eiga a.m.k. 10% í þeim, þ.e. fjárhæð viðskipta, kjör og aðra helstu skilmála.

Upplýsingar samkvæmt þessari grein skulu jafnframt ná til dótturfyrirtækja og birtar á heimasíðu viðkomandi fyrirtækis, nema sérstakur trúnaður um þær leiði af lögum eða öðrum atvikum.

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við eigendur annarra fyrirtækja beita sér fyrir sams konar fyrirkomulagi samþykktu þeirra fyrirtækja varðandi upplýsingagjöf.

13. Innra eftirlit

Reykjavíkurborg beitir sér fyrir því að stofnsamþykktir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um að Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar annist innri endurskoðun þeirra, þar sem kveðið skal nánar á um hlutverk og umboð Innri endurskoðunar og ráðgjafar, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum borgarstjórnar hverju sinni.

Í þeim tilfellum sem innri endurskoðunardeild starfar innan fyrirtækjanna skal Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar hafa eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi.

Þá beitir Reykjavíkurborg sér fyrir því að stofnsamþykktir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar kveði á um að endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfi fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar, eins og nánar er kveðið á um í samþykkt borgarstjórnar fyrir nefndina hverju sinni.

Innri endurskoðun og ráðgjöf leggur innri endurskoðunaráætlanir fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu og stjórn viðkomandi félags til samþykktar.

Hafi stjórn fyrirtækis innan samstæðu Reykjavíkurborgar samið um innri endurskoðun við annan aðila skal innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til afgreiðslu.

Reykjavíkurborg mun í samstarfi við eigendur annarra fyrirtækja beita sér fyrir tryggu og gegnsæju fyrirkomulagi innra eftirlits samkvæmt samþykktum þeirra.

14. Samstarf og upplýsingagjöf til annarra eigenda

Reykjavíkurborg leggur áherslu á gott samstarf við aðra eigendur fyrirtækja sem stefna þessi nær til. Í slíku samstarfi er lögð áhersla á að fylgt sé Leiðbeiningum OECD hverju sinni um góða stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu.

Reykjavíkurborg mun leggja sig fram um samstarf við aðra eigendur um skilgreiningu stofnsamþykktu á skipulagi og stjórnarháttum, sem og gerð eigendastefna og/eða hluthafasamkomulaga með öðrum eigendum um nánari stefnumörkun þeirra fyrirtækja sem falla undir eigendastefnu þessa eftir því sem við á.

15. Gildistaka og endurskoðun

Eigendastefna þessi sem borgarstjórn samþykkti á fundi sínum XX.XX.20XX öðlast þegar gildi.

Eigendastefna þessi er opinber og skal eigendafyrirsvar birta hana á heimasíðu Reykjavíkurborgar og endurskoða stefnuna árlega og oftár ef þurfa þykir.

[illegible]



Almenn eigandastefna Reykjavíkurborgar

Kynning fyrir hagaðila

Haust 2022



Reykjavíkurborg

STRATEGÍA



Yfirlit

Almenn eigandastefna Reykjavíkur

- Eigandastefna og eigendastefna
- Gildissvið
- Tilgangur og markmið
- Hlutverk, umboð og ábyrgð eigandafyrirsvars
- Tilnefningarnefnd borgarráðs
- Skipulag og stjórnarhættir fyrirtækja
- Önnur ákvæði
- Innleiðing



Almenn eigandastefna Reykjavíkur

Áður en lengra er haldið

- Eigandastefna
 - Stefna eiganda um hvernig hann hyggst beita sér sem eigandi
 - Veitir innsýn inn í stefnu eigandans um hvernig, hvar og hvenær hann hyggst beita sér sem eigandi
- Eigendastefna
 - Stefna fleiri en eins eiganda um hvað þeir hafa sammælt um sem eigendur vegna eignarhaldsins
 - Svipar mjög til hluthafasamkomulaga – samstarf innbyrðis
- Ísland er nokkuð sér á parti þegar kemur að eigendastefnum
 - Mikið notaðar undanfarin ár
 - Efni gengur í mörgum tilvikum lengra en tíðkast erlendis
 - Innihalda jafnvel efnisleg ákvæði stjórnarháttanna sem eiga lögum samkvæmt heima í formlegum samþykktum en ekki almennum stefnuskjölum

Eigandastefnur

- Stefnur stofnanafjárfesta um eignarhald á fyrirtækjum
 - Ríki, sveitarfélög, bankar, tryggingafélög, lífeyrissjóðir
- Markmið og stefna eiganda með tiltekinni eign
 - T.d. að ávaxta fjármuni eða veita tiltekna þjónustu
- Skilgreining á hlutverki viðkomandi sem eiganda
- Innra verklag við meðferð eignarhluta og nýtingu réttinda – hlutverk, umboð og ábyrgð
 - Hvenær, hvernig og hvar eigandinn hyggst starfa og beita sér sem eigandi
 - Veitir gegnsæi um stjórnarhætti eigandans
- Þær kröfur sem eigandinn kann að gera eða mun beita sér fyrir vegna skipulags og stjórnarháttar fyrirtækjanna
 - Almennt taka stjórnir mið af slíkum stefnupáttum – t.d. góðum stjórnarháttum
 - Ef binda á stjórn og gera hana ábyrga vegna tiltekins stefnupáttar – þurfa eigendur hins vegar að færa slíka stefnupætti inn í samþykktir eða ákvörðun hluthafafundar

Eigendastefnur

- Stefnur fleiri stofnanafjárfesta um sameiginlegt eignarhald þeirra á fyrirtækjum
 - Ríki og sveitarfélög hér á landi
 - Erlendis er notast við hluthafasamkomulög
 - Sveitarfélög hér á landi hafa mótað formlega stefnusáttmála vegna byggðasamlaga
- Markmið og stefna eiganda með tilvist viðkomandi fyrirtækis
 - Til viðbótar við hlutverk fyrirtækis samkvæmt samþykktum
 - T.d. kjarnastarfsemi, stefna og framtíðarsýn
- Skilgreining á samstarfi eigenda og skiptingu réttinda á milli þeirra að því leyti sem slíkt á ekki heima í stofnsamþykktum

Gildissvið

- Fyrirtæki sem borgin á a.m.k. 50% eignarhlut í (félög innan samstæðu Reykjavíkurborgar)
- Einnig fyrirtæki þar sem bókfært virði eignarhlutar nemur kr. 100.000.000 eða meira
- Skipulag og umboð eigandafyrirsvars borgarinnar gildir þó um öll félög
- Tekur bæði til einkaréttarlegra fyrirtækja og byggðasamlaga – sem og dótturfyrirtækja þeirra
- Eigandafyrirsvar birtir á heimasíðu Reykjavíkurborgar lista yfir þau fyrirtæki sem undir stefnuna falla
 - Hugtakið „eigandafyrirsvar“ skilgreinir hvaða stjórnareiningar innan Reykjavíkurborgar fara hverju sinni með réttindi og skyldur Reykjavíkurborgar sem eiganda og með hvaða hætti



Tilgangur og markmið

- Tilgangur að
 - marka stefnu Reykjavíkurborgar vegna eignarhalds í fyrirtækjum
 - kveða á um skipulag og stjórnarhætti borgarinnar sem eiganda þeirra
 - stuðla að gegnsæi þar að lútandi
- Markmið Reykjavíkurborgar er að
 - vera virkur eigandi
 - beita sér sem eigandi í takt við lög, góða stjórnarhætti og eigandastefnuna að öðru leyti,
 - í þeim tilgangi að hvert og eitt fyrirtæki sinni tilgangi sínum og nái markmiðum sínum





Hlutverk, umboð og ábyrgð

Borgarstjórn, borgarráð og eigandafyrirsvar

Eigendafyrirsvar

4.3. gr.

- **Borgarstjóri** ber ábyrgð á eigendafyrirsvari Reykjavíkurborgar
 - Kemur fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar sem eigandi
- **Borgarritari** ber ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni fyrirtækjum
 - Eftirlit með skipulagi, stjórnarháttum, starfsemi og rekstri
 - Árangri þar að lútandi sbr. nánar ákvæði eigandastefnunnar
- Sviðsstjóri **fjármála- og áhættustýringarsviðs**
 - Ber ábyrgð á fjárhagslegri eftirfylgni og eftirliti með fyrirtækjunum
 - Aðkoma að fjárhagsáætlun þeirra og eftirfylgni
 - Eftirlit með afkomu og upplýsingagjöf þeirra um fjárhagslega þætti
 - Þróun fjárhagslegra mælikvarða



Eigendafyrirsvar frh.

4.3. gr.

- **Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar** annast innri endurskoðun fyrirtækja innan samstæðu Reykjavíkurborgar
- **Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar** starfar sem slík fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar
- Eigendafyrirsvar er með ítarlega upplýsingagjöf um til borgarráðs sem og til birtingar á heimasíðu Reykjavíkurborgar **4.3. gr. i.f.**
 - Upplýsingar sem berast frá fyrirtækjum sem falla undir stefnuna
 - Upplýsingar um framkvæmd stefnunnar



Umboð eigandafyrirsvars

4.4. gr.

- Nýtir eigendaréttindi, s.s. atkvæðisrétt, tillögugerð og upplýsingarétt
- Umboð er háð samþykki borgarráðs í eftirfarandi tilvikum:
 1. Breytingar á stofnsamningum og samþykktum
 2. Tillögugerð á eigendafundum, s.s. aðalfundum, hluthafafundum, ársfundum o.þ.h.
 3. Beiting atkvæðisréttar á eigendafundum vegna framlagðra tillagna
 - Annarra en þeirra sem snúa að formi og framkvæmd fundar
 - Einnig breytingar á framlögðum tillögum sem ganga skemur gagnvart réttindum hluthafa en upphafleg samþykkt
 4. Sértækar eiganda- eða eigendastefnur og hluthafasamkomulög vegna fyrirtækjanna
- Óvenjulegar og mikilsháttar ákvarðanir v/félaga sem falla utan gildissviðs koma einnig til borgarráðs



Eigendafundir - mæting

5.3.gr.

- Eigendafyrirsvar Reykjavíkurborgar mætir á eigendafundi og beitir réttindum
- Borgarfulltrúum heimilt að mæta á eigendafundi fyrirtækja innan samstæðu
- Borgarfulltrúum er heimilt að ávarpa eigendafundi og bera upp spurningar til stjórnar, endurskoðenda og framkvæmdastjórnar
- Um mætingu og þátttöku á eigendafundi fyrirtækja utan samstæðu fer eftir samþykktum viðkomandi fyrirtækja hverju sinni.



Samskipti við stjórnir og stjórnendur einkaréttarlegra fyrirtækja

11. gr.

- Sjálfstæði stjórna einkaréttarlegra fyrirtækja er virt
- Samskipti við stjórn og stjórnendur fara fram á formlegum eigendafundum
- Önnur samskipti í höndum eigandafyrirsvars og aðeins að gefnu tilefni
- Haldin er fundargerð um slíka fundi og samskiptaskrá um annars konar samskipti
- Samskipti að öðru leyti í samræmi við starfsreglur stjórnar viðkomandi fyrirtækis
- Kjörnir fulltrúar og starfsmenn Reykjavíkurborgar skulu ekki koma á slíkum samskiptum, nema með fyrirfram samþykki eigandafyrirsvars
- Eigi fyrirtæki innan samstæðu Reykjavíkurborgar að fylgja eftir **tiltekinni stefnumörkun borgarinnar**
 - Skal gerð sérstök opinber eigandastefna þar að lútandi, stefnusáttmáli og/eða þjónustusamningur eftir því sem við á
 - þar sem tryggt er gegnsæi um kostnað við slíka starfsemi sbr. ákvæði f-liðar 2. mgr. 12. gr.





Tilnefningarnefnd borgarráðs

Þverpólitísk - tilnefnir á faglegum forsendum

Kosning til stjórna ráða og nefnda - almennt

5.4. gr.

- Borgarráð tilnefnir tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar
 - Fjórir borgarráðsfulltrúar ásamt eigandafyrirsvari
 - Endurspeglar hlutföll innan borgarstjórnar
- Tilgangur að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöður m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila
- Samstarf við aðra eigendur vegna fyrirtækja utan samstæðu



Kosning til stjórna ráða og nefnda – faglegt mat

5.4. gr.

- Stjórn, nefnd eða ráð skal hverju sinni saman sett af einstaklingum
 - í sem jöfnustum kynjahlutföllum,
 - sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu
 - sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni,
 - m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar
- Í stjórnnum, nefndum og ráðum einkaréttarlegra fyrirtækja skal vera til staðar þekking á eftirfarandi sviðum:
 1. Starfsemi og rekstur fyrirtækisins
 2. Stjórnun og stjórnarhættir
 3. Stefnumótun og framtíðarsýn
 4. Fjármál og sjálfbærni
 5. Mannauðsmál
 6. Samfélagsleg ábyrgð, umhverfismál og hagaðilar fyrirtækisins
- Fjöldi stjórnarmanna ræðst af eðli rekstrar fyrirtækis, umfangi hans og efnahags og skal miðað við að stjórnarmenn séu ekki færri en 5 talsins.



Kosning til stjórna ráða og nefnda – óhæði og varanleiki

5.4. gr.

- Meirihluti stjórnarmanna einkaréttarlegra fyrirtækja skal óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess
- A.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum skulu jafnframt óháðir Reykjavíkurborg (þrír í sjö manna stjórn)
- Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg
- Að öðru leyti miðað við óhæði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga VÍ
- Stjórnir skipaðar til 4 ára
 - Hluti stjórnarmanna kosinn eða tilnefndur á 2 ára fresti - þegar 2 ár eru liðin af kjörtímabili annarra stjórnarmanna - og öfugt
 - Takmarkar veltuhraða og stuðlar a lágmarks þekkingu og varanleika í stjórn



Umboð stjórnna innan samstæðu

6. gr.


- Mikilvægt að umboð stjórnar frá einum tíma til annars sé skýrt við mörkun stefnu og framtíðarsýnar
- Stofnsamþykktir fyrirtækja geri megin stefnumörkun þeirra háða samþykki eigandafundar, s.s. :
 1. Heildarstefna og framtíðarsýn og helstu mælikvarðar
 2. Fjárhags- og starfsáætlun
 3. Arðsemi/fjármagnsskipan
 4. Fjárfestingaráætlun
 5. Áhættustefna/áhættuvilji
 6. Starfskjarastefna
 7. Samkeppnisstefna, enda starfi viðkomandi fyrirtæki á samkeppnismarkaði
 8. Jafnréttisstefna
 9. Umhverfis- og auðlindastefna
- Nær til dótturfyrirtækja fyrirtækjanna og birt á heimasíðu fyrirtækis
- Sértækar eigendastefnur, stefnusáttmálar og/eða hluthafasamkomulög til nánari útfærslu á stefnu þeirra, starfsemi og rekstri – þegar þörf krefur sbr. hér á eftir
- Samstarf við aðra hluthafa vegna fyrirtækja **utan samstæðu Reykjavíkurborgar**





Skipulag og stjórnhættir

Einkaréttarleg fyrirtæki og byggðasamlög



Skipulag og stjórnarhættir einkaréttarlegra fyrirtækja **innan** **samstæðu**


7. gr.

- 1) Hlutverk, umboð og ábyrgð stjórnar skýrt skilgreint, þar með hvaða ákvarðanir stjórn skuli bera undir eigendafund
 - 2) Sjálfstæði stjórnar og raunveruleg ábyrgð gagnvart eigendum
 - 3) Stjórn hafi hagsmuni fyrirtækisins ávallt í fyrirrúmi (trúnaðarskylda)
 - 4) Stjórn gæti hagsmuna allra eigenda jafnt (jafnræðisregla)
 - 5) Hlutverk stjórnar er m.a. að:
 - a) Marka stefnu fyrirtækisins
 - b) Ráða framkvæmdastjóra og setja starfsreglur
 - c) Eftirlit með framkvæmdastjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna
 - d) Skilvirkt innra eftirlit og endurskoðunaráætlanir
 - 6) Stjórn fer að öðru leyti eftir Leiðbeiningum VÍ, þ.m.t. varðandi.
 - a) Verklagsreglur um framkvæmd starfa sinna
 - b) Skilgreining á hlutverki formanns stjórnar
 - c) Hagsmunaskráningu, hagsmunaárekstra (vanhæfi) og regluvörslu
 - d) Skipan undirnefnda
 - e) Árlegra árangursmöt á árangri fyrirtækisins og störfum stjórnar, undirnefnda og framkvæmdastjóra
 - 7) Upplýsi í stjórnarháttayfirlýsingu fylgni við og innleiðingu eigandastefnunnar - og eftir atvikum sértækrar eiganda-/eða eigendastefnu fyrirtækisins.
- Samstarf við aðra hluthafa vegna fyrirtækja **utan samstæðu** Reykjavíkurborgar

Byggðasamlög

- Undanfarin ár hefur farið fram endurskoðun á skipulagi og stjórnarháttum byggðasamlaga
- Stjórnarhættir komnir til ára sinna - ekki í takt við nútíma stjórnarhætti sveitarfélaga
- Einnig skort á sameiginlega stefnumörkun sveitarfélaganna um verkefni byggðasamlaganna
- Stefnuráð Sorpu og Strætó hefur því verið skipað:
 - Þrír fulltrúar frá hverju sveitarfélagi en fimm frá Reykjavík
- Hlutverk stefnuráðs:
 1. Formlegur og virkur samráðsvettvangur fyrir mörkun stefnu málaflokka byggðasamlaganna
 2. Gerir tillögu til ársfundar byggðasamlagsins um stefnusáttmála byggðasamlagsins
 3. Fylgir eftir innleiðingu stjórnar og framkvæmdastjóra á gildandi stefnusáttmála
 4. Tekur afstöðu til álitamála í stefnu og starfsemi byggðasamlagsins varðandi stefnusáttmála
 5. Heldur árlega stefnuþing kjörinna fulltrúa til umræðu um málaflokkana
 6. Skilar skýrslu til ársfundar byggðasamlagsins um störf sín
- Fyrir liggja drög að stefnusáttmála Sorpu sem nýtt stefnuráð mun fullklára
- Endurskoðun skipulags og stjórnarhátta, s.s. stofnsamþykkt, er áætlað að hefjist síðsumars





Skipulag og stjórnarhættir byggðasamlaga

8. gr.

- 1) Hlutverk, umboð og ábyrgð stjórnar og stefnuráðs skal hverju sinni skýrt skilgreint, og stjórn skal bera raunverulega ábyrgð gagnvart eigendum
 - 2) Hlutverk stjórnar er m.a. að:
 - a) Innleiða stefnusáttmála og aðra stefnumörkun í samræmi við ákvarðanir ársfunda
 - b) Ráða framkvæmdastjóra og setja starfsreglur
 - c) Eftirlit með störfum framkvæmdastjóra, bókhaldi og meðferð fjármuna og eigna
 - d) Skilvirkt innra eftirlit og endurskoðunaráætlanir
 - e) Að upplýsa stefnuráð og eigendafundi um árangur í rekstri byggðasamlagsins í samræmi við stofnsamning þess
 - 3) Stjórn setur skýrar verklagsreglur um framkvæmd starfa sinna, þar á meðal um
 - a. Skilgreiningu á hlutverki formanns stjórnar
 - b. Hagsmunaskráningu, hagsmunaárekstra (vanhæfi) og regluvörslu
 - c. Árleg árangursmöt á árangri byggðasamlagsins og störfum stjórnar og framkvæmdastjóra
- Borgarstjóri á sæti í stefnuráði byggðasamlaga
 - Upplýsir borgarráð um framvindu endurskoðunar stefnusáttmála, upplýsingagjöf stjórnar byggðasamlaga til stefnuráðs ásamt mál sem stjórn ber undir stefnuráð



Önnur ákvæði og innleiðing

Gerð fjárhagsáætlunar og fjárhagslegt eftirlit **innan samstæðu**

6. gr.

- Fyrir 15. ágúst skulu stjórnir fyrirtækjanna gera tillögu að meginforsendum fjárhagsáætlunar fyrirtækisins til eigandafyrirsvars
- Fyrir 15. september lýkur eigandafyrirsvar umfjöllun um tillöguna og samþykkja þær meginforsendur sem gilda eiga um fjárhagsáætlun fyrir næsta rekstrarár.
- Stjórn og framkvæmdastjóri útfæra í kjölfarið fjárhags- og starfsáætlun í samræmi við þær forsendur
- Eigi síðar en 30. september skal endanleg áætlun samþykkt af stjórn og skilað til eigandafyrirsvars sama dag.



Upplýsingagjöf stjórna innan samstæðu

12. gr.

- Ítarleg ákvæði til samræmingar um bestu framkvæmd upplýsingagjafar og opið bókhald
- 1. 66. gr. ÁRL um viðbótarupplýsingar í skýrslu stjórnar um árangur, áhættu og óvissupætti
- 2. 66. gr. a ÁRL um upplýsingar í skýrslu stjórnar, m.a. um hlutafé og hluthafa, samninga við hluthafa og stjórnarmenn og starfsmenn
- 3. 66. gr. c. ÁRL um stjórnarháttayfirlýsingar, í samræmi við gildandi Leiðbeiningar Viðskiptaráðs hverju sinni
- 4. 66. gr. d ÁRL um skýrslu stjórnar um ófjárhagslega upplýsingagjöf á sviði umhverfis-, samfélags- og starfsmannamála og stefnu í mannréttindamálum og varnir vegna spillingar- og mútumála.
- 5. Ársreikningar gerðir í samræmi við IFRS uppgjörssaðla, nema eðli rekstrar, umfang hans eða efnahagur fyrirtækis gefi að mati eigandafyrirsvars ekki tilefni til slíkra uppgjörsaðferða
- 6. Annist fyrirtæki verkefni á grundvelli opinberrar stefnumörkunar Reykjavíkurborgar, þá sé sérgreindur kostnaður í reikningum fyrirtækisins sem af slíkum verkefnum leiðir, og fjármögnun þeirra
- 7. Útgáfa UFS skýrslu í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar þar að lútandi.
- 8. Stjórn upplýsi eigendur um fjárhagsleg uppgjör, aðstæður eða atvik í rekstri fyrirtækisins í samræmi við reglur sem gilda um upplýsingaskyldu útgefenda fjármálagerna á Nasdaq Iceland hf., t.d. varðandi tíðni birtingar fjárhagsupplýsinga og aðra upplýsingaskyldu.
- 9. Stjórn upplýsi eigendur um aðrar upplýsingar um málefni sem skipta eigendur og aðra haghafa máli þótt upplýsingarnar kalli ekki á ákvörðun af hálfu eigenda.
- Samstarf við aðra hluthafa vegna fyrirtækja utan samstæðu Reykjavíkurborgar



Önnur ákvæði

- 10. gr. Umfjöllun um siðareglur og lágmarks innihald fyrir **fyrirtæki innan samstæðu – og samstarf við aðra eigendur vegna annarra fyrirtækja**
- 13. gr. Ákvæði um innra eftirlit og endurskoðunarnefnd **innan samstæðu og samstarf við aðra eigendur vegna annarra fyrirtækja**
- 14. gr. Almennt ákvæði um samstarf og upplýsingagjöf til annarra eigenda
 - Þar með talin vinna við yfirferð eigendastefna einstakra fyrirtækja
 - Færa ákvæði stefnunnar um skipulag og stjórnarhætti í samþykktir
 - Því næst uppfæra stefnumörkun
 - Stefnur sem samþykktar eru á eigendafundum
 - Í kjölfarið gerð greining á hvort nauðsyn er á eiginlegum eigendastefnum umfram þá stefnumörkun sem eigendafundir samþykkja
 - Stefnusáttmálar byggðasamlaga dæmi um slíkar sértækar stefnur



Innleiðing stefnunnar

- Umfangsmikil vinna við innleiðingu framundan
 - Kynning eigandastefnu fyrir hagaðilum
- Tilnefning í tilnefningarnefnd og kosningar / tilnefningar til stjórna fyrirtækja
- Kortlagning og greining stjórnarháttanna fyrirtækja
 - Samþykktir
 - Stefnumörkun
 - Fjárhagsupplýsingar
 - Starfsreglur og siðareglur
 - Önnur upplýsingagjöf
 - **Niðurstöður og forgangsöröðun aðgerða**
- Innleiðing stjórnarháttanna **innan samstæðu** skv. forgangsöröðun
- Innleiðing stjórnarháttanna **utan samstæðu**
 - Samstarf við aðra eigendur
- Eftirfylgni eigandafyrirsvars
- Endurskoðun að ári að fenginni reynslu eigandafyrirsvars og hagaðila



Takk fyrir

STRATEGÍA

Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík
helga@strategia.is

Helga Hlín Hákonardóttir



Reykjavíkurborg



Stjórn SORPU

Tillaga fulltrúa Framsóknarflokks varðandi úttekt á grenndargámum í hverfum Reykjavíkurborgar og aðgengi að þeim

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 17. nóvember 2022 var samþykkt svohljóðandi tillaga sbr. 6. lið fundargerðar aðgengis- og samráðsnefndar sama dag:

Fulltrúi Framsóknar leggur til að farið verði í úttekt á grenndargámum í hverfum Reykjavíkurborgar. Athygli fulltrúans hefur verið vakin á því að nokkrir gámar eru ekki aðgengilegir fólki í hjólastólum þ.e. sorp opið er of hátt uppi á gámnum til að einstaklingur í hjólastól geti náð í það. Reykjavík er græn borg og stefnir að því að vera kolefnishlutlaus fyrir árið 2040. Öll ættu að hafa aðgengi að því að flokka sitt sorp þar sem það er mikilvægur liður í umhverfismálum. Fulltrúi Framsóknar leggur til að Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks vísi málinu til stjórnar Sorpu. Annað hvort þyrfti að bæta aðgengi að þessum gámum eða endurhugsa hönnun þeirra.

Tillagan er hér með send stjórn SORPU.

Virðingarfyllst,
Guðný Bára Jónsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa